

Ár 2010, 21. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör umboðsmanns skuldara

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breytingu á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Embætti umboðsmanns skuldara var stofnað með lögum nr. 100/2010 og tók það til starfa 1. ágúst 2010. Samkvæmt 2. gr. laga um umboðsmann skuldara ákveður kjararáð laun hans og starfskjör.

II.

Í bréfi félags- og tryggingamálaráðuneytisins dagsettu 8. júlí 2010 var greint frá stofnun embættis umboðsmanns skuldara og óskað eftir að kjararáð tæki ákvörðun um laun hans. Embættið væri ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitti forstöðu. Stofnunin heyrði undir félags- og tryggingamálaráðuneytið og skyldi gæta hagsmuna og réttinda skuldara. Ráðherra skipaði umboðsmann skuldara til fimm ára í senn sem bæri faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri stofnunarinnar. Skyldi hann hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfsviði stofnunarinnar.

Kjararáð gaf fjármálaráðuneyti og nýskipuðum umboðsmanni skuldara kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið með bréfum dagsettum 17. ágúst 2010. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum frá umboðsmanni um aukastörf og hlunnindi sem starfinu fylgdu.

Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 30. ágúst 2010.

Umboðsmaður skuldara svaraði með bréfi dagsettu 31. ágúst 2010. Í bréfinu gerði hann grein fyrir hlutverki embættisins svo sem mælt er fyrir um í 1. gr. laga um umboðsmann skuldara. Embættið hefði tekið til starfa 1. ágúst síðastliðinn og byggði á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Starfsmenn Ráðgjafarstofu hefðu verið 31 en gert væri ráð fyrir að allt að 60 manns myndu starfa hjá embættinu þegar á þessu ári. Áætlað væri að sviðsstjórar yrðu fimm. Gert væri ráð fyrir að kostnaður við rekstur embættisins yrði um 680 milljónir króna frá stofnun þess og til ársloka 2010. Mikið starf væri framundan á næstu misserum hjá umboðsmanni við uppbyggingu embættisins. Mikið álag mundi verða á honum þar sem fjölmargir einstaklingar ættu í skulda- og greiðsluferfiðleikum í kjölfar efnahags-hrunsins og þyrfti uppbyggingu embættisins að ganga hratt. Vinna þyrfti við rafrænt upplýsingakerfi, verkferla, verklagsreglur, ráðningu starfsmanna, rekstur, kynningarmál, fræðslumál og upplýsingatæknimál. Starfinu fylgdu hvorki aukastörf né hlunnindi. Að lokum sagði umboðsmaður að ómæld vinna væri framundan við uppbyggingu embættisins. Vinnudagur hefði verið langur, bæði á vinnustað og heima um kvöld og helgar. Taldi hann rök hníga að því að tillit yrði tekið til þessarar miklu yfirvinnu. Bréfinu fylgdi vinnufirilit.

III.

Sem fyrr segir var embætti umboðsmanns skuldara stofnað með lögum nr. 100/2010. Í 1. gr. laganna segir að embættið sé ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veiti forstöðu. Stofnunin, sem heyrir undir félags- og tryggingamálaráðherra, skal gæta hagsmuna og réttinda

skuldara. Hlutverk umboðsmanns skuldara er að veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar; hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi; veita atbeina til tilrauna til samninga um greiðsluaðlögun; útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega; taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds; gæta hagsmuna skuldara og veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna. Félags- og tryggingamálaráðherra skipar umboðsmann skuldara til fimm ára í senn og fer hann með forstöðu stofnunarinnar og ber faglega, fjárhagslega og stjórnunarlega ábyrgð á rekstri hennar. Hann skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir viðtækri þekkingu og reynslu af málefnum á starfsviði stofnunarinnar. Umboðsmaður skuldara stjórnar starfsemi og rekstri og ræður aðra starfsmenn. Honum er heimilt að gera þjónustusamning við utanaðkomandi aðila um vinnslu mála fyrir stofnunina. Ákvörðunum umboðsmanns verður ekki skotið til æðra stjórnvalds nema sérstaklega sé mælt fyrir um það í lögum.

Umboðsmaður skuldara getur krafð stjórnvöld um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu, jafnvel þótt lög mæli fyrir um þagnarskyldu stjórnvalds. Með sama hætti er fyrirtækjum og samtökum skylt að veita umboðsmanni skuldara allar upplýsingar sem að mati hans eru nauðsynlegar til þess að hann geti sinnt hlutverki sínu.

Lánastofnanir skulu standa straum af kostnaði við rekstur embættisins með greiðslu sérstaks gjalds sem stofnunin innheimtir.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Með lögum nr. 148/2008 var kjararáði falið, án tillits til fyrri lögmæltra viðmiða, að kveða upp úrskurð fyrir árslok 2008 er fæli í sér 5-15% launalækkun alþingismanna og ráðherra er gilti frá 1. janúar 2009. Til ársloka 2009 skyldi ráðinu óheimilt að endurskoða úrskurðinn til hækkunar. Jafnframt skyldi kjararáð endurskoða kjör annarra til samræmis. Svohljóðandi málsliður bættist við 8. gr. laganna með breytingu sem gerð var á lögum um kjararáð með lögum nr. 87/2009: „Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra skv. 3. gr.“ Föst laun forsætisráðherra eru nú 935.000 krónur á mánuði. Síðast var lögum um kjararáð breytt með lögum nr. 127/2009 en í þeim segir að til nóvemberloka 2010 sé óheimilt að endurskoða til hækkunar úrskurði sem kveðnir höfðu verið upp á grundvelli 1. másl. 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í lögum um kjararáð, sbr. lög nr. 148/2008. Við endurskoðun eða ákvörðun kjara annarra aðila sem heyra undir ráðið skuli gætt innbyrðis samræmis eftir því sem framast er unnt og að virtum ákvæðum 8. gr. laga nr. 47/2006.

Með þeim breytingum, sem að ofan greinir, á skipulagi ákvarðana um launakjör þeirra sem heyra undir kjararáð hefur verið raskað því fyrirkomulagi og viðmiðum sem tilgreind voru í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 eins og þau upphaflega voru. Kjararáð verður samkvæmt 8. gr. eins og hún nú er fyrst og fremst að miða við föst laun forsætisráðherra og

þær ákvarðanir sem Alþingi tók um lækkun launa þeirra sem hafa heyrt undir ákvörðunarvald ráðsins.

Embætti umboðsmanns skuldara er nýtt embætti sem byggir að nokkru leyti á grunni Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Við ákvörðun launa umboðsmanns hefur verið tekið mið af áætluðu umfangi stofnunarinnar. Jafnframt er tekið tillit til þess að um viðkvæm og erfið úrlausnarefni er að ræða. Meðal annars er höfð hliðsjón af launum umboðsmanns barna, forstjóra Barnaverndarstofu, talsmanns neytenda og forstjóra Neytendastofu.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör umboðsmanns skuldara skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2010 skulu mánaðarlaun umboðsmanns skuldara vera samkvæmt launaflokki 502-133, nú 638.033 krónur. Að auki skal greiða honum 10 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-126, nú 5.058 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör umboðsmanns skuldara gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson